

ÁKVÖRDUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1336/97/EB

2008/EES/45/39

frá 17. júní 1997

um viðmiðunarreglur fyrir samevrópsk fjarskiptanet (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
fyrstu málsgrein 129. gr. d,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í
189. gr. b í sáttmálanum ⁽⁴⁾ á grundvelli sameiginlegs texta
sáttanefndarinnar frá 16. apríl 1997,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Stofnun og þróun samevrópskra fjarskiptaneta á að stuðla að því að tryggja miðlun og skipti á upplýsingum í öllu Bandalaginu. Þetta framtak er forsendan fyrir því að borgarar og atvinnugreinar í Bandalaginu, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, geti nýtt sér til fulls möguleika fjarskipta svo unnt sé að koma á fót „upplýsingasamfélagi“ þar sem þróun notkunarhugbúnaðar, þjónustu og fjarskiptaneta skiptir sköpum í því að tryggja sérhverjum borgara, fyrirtæki eða opinberum yfirvöldum, þ.m.t. á þeim svæðum, sem eru ekki eins þróuð, eða jafnsvæðum aðgengi að öllum þeim upplýsingum sem viðkomandi kann að hafa þörf fyrir, óháð tegund þeirra eða magni.
- 2) Í hvítbók sinni um „vöxt, samkeppnishæfni og atvinnumál“ lagði framkvæmdastjórnin áherslu á mikilvægi þess að koma upplýsingasamfélaginu á fót sem, á grundvelli nýrra tegunda efnahagslegra, pólitískra og félagslegra tengsla, mun hjálpa Evrópusambandinu við að takast á við ný viðfangsefni næstu aldar, þ.m.t. sköpun nýrra starfa. Þetta var viðurkennt af leiðtogaráðinu í Brussel í desember 1993.
- 3) Innri markaðurinn myndar svæði án landamæra þar sem tryggja ber frjálsa flutninga vöru, fólks, fjármagns og þjónustu og þar sem ráðstafanir Bandalagsins, sem þegar hafa verið samþykktar eða verða samþykktar, útheimta umtalsverð upplýsingaskipti milli einstaklinga, atvinnurekanda og stjórnsýslu. Skilvirkar leiðir til að skiptast á upplýsingum eru afar mikilvægar til þess að auka samkeppnishæfni fyrirtækja. Hægt er að tryggja þessi upplýsingaskipti með samevrópskum fjarskiptanetum. Aðgengi að samevrópskum netum mun

styrkja efnahagslega og félagslega samheldni í Bandalaginu.

- 4) Stofnun og þróun samevrópskra fjarskiptaneta verður að gera einstaklingum, atvinnurekendum og stjórnsýslustofnunum kleift að skiptast óhindrað á upplýsingum jafnframt því að tryggja að réttur einstaklinga til friðhelgi sé virtur sem og hugverkaréttur og eignaréttur á sviði iðnaðar.
- 5) Í skýrslu sinni um „Evrópu og hið víðtæka upplýsingasamfélag“, sem aðilar í hópi háttsettra fulltrúa iðnaðarins tóku saman fyrir fund leiðtogaráðsins í Korfú 24. og 25. júní 1994, var mælt með því með að taka í notkun samevrópsk fjarskiptanet og að tryggja samtengingu þeirra við öll evrópsk net. Í skýrslunni eru farsímafjarskipti tilgreind sem undirstaða upplýsingasamfélagsins og að möguleika þeirra beri að styrkja. Fundur leiðtogaráðsins í Korfú veitti almennt samþykki sitt fyrir þeim tilmælum.
- 6) Framkvæmdastjórnin fylgdi þessum tilmælum eftir með orðsendingu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins undir yfyrskriftinni „Evrópa á leið inn í upplýsingasamfélagið: aðgerðaáætlun“. Í niðurstöðum fundar ráðsins 28. september 1994 um þessa aðgerðaáætlun er lögð áhersla á að hröð þróun afkastamikilla grunnvirkja fyrir upplýsingar á grundvelli heildstæðrar, samfelldrar og yfirvegaðrar nálgunar, sé nauðsynleg fyrir Bandalagið.
- 7) Samkvæmt 129. gr. c í sáttmálanum skal Bandalagið taka saman viðmiðunarreglur um markmið, forgangsatríði og meginlínur þeirra ráðstafana sem fyrirhugaðar eru á sviði samevrópskra neta. Í þessum viðmiðunarreglum verður að skilgreina verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum. Samevrópsk net á sviði fjarskiptavirkja ná yfir þrjú lög sem saman mynda þessi net: notkunarhugbúnað, almenna þjónustu og grunnnet.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórn. ESB L 183, 11.7.1997, bls. 12. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2006 frá 10. mars 2006 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 28, 1.6.2006, bls. 24.

(¹) Stjórn. EB nr. C 302, 14.11.1995, bls. 23 og Stjórn. EB nr. C 175, 18.6.1996, bls. 4.

(²) Stjórn. EB nr. C 39, 12.2.1996, bls. 20.

(³) Stjórn. EB nr. C 129, 2.5.1996, bls. 32.

(⁴) Álit Evrópuþingsins frá 1. febrúar 1996 (Stjórn. EB nr. C 47, 19.2.1996, bls. 15), sameiginleg afstaða ráðsins frá 21. mars 1996 (Stjórn. EB nr. C 134, 6.5.1996, bls. 18) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. júlí 1996 (Stjórn. EB nr. C 261, 9.9.1996, bls. 59). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. maí 1997 og ákvörðun ráðsins frá 26. maí 1997.

- 8) Upplýsingasamfélagið getur ekki þróast án þess að aðgengilegur hugbúnaður sé fyrir hendi, einkum hugbúnaður sem er öllum í hag þar sem hugað er sem best að þörfum notenda og, eftir því sem við á, þörfum aldraðra og fatlaðra. Hugbúnaður verður því mikilvægur hluti verkefnanna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum. Sá hugbúnaður sem tengist fjarvinnslu verður einkum að taka mið af gildandi ákvæðum laga um vernd starfsmanna í viðkomandi aðildarríkjum.
- 9) Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum geta í mörgum tilvikum þegar verið komin til framkvæmda í núverandi fjarskiptanetum, einkum hjá samevrópska samnetinu (Euro-ISDN) og með því skapað samevrópskan hugbúnað. Semja verður viðmiðunarreglur til að skilgreina þessi verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum.
- 10) Samræming skal vera milli framkvæmda þeirra tillagna sem valdar eru og álfka framtaksverkefna sem eru samþykkt á innlendum eða svæðisbundnum vettvangi í Bandalaginu.
- 11) Við val og framkvæmd slíkra verkefna ber að taka tillit til allra grunnvirkja sem fyrirtæki sem fyrir eru á markaði og nýir veitendur bjóða.
- 12) Hinn 9. nóvember 1995 samþykktu Evrópuþingið og ráðið ákvörðun nr. 2717/95/EB varðandi viðmiðunarreglur um þróun samevrópsks samnets (EURO-ISDN) sem samevrópsks nets ⁽¹⁾.
- 13) Núverandi net, þ.m.t. þau samnet (ISDN) sem fyrir eru, eru að þróast í þá átt að verða háþrúð net sem bjóða upp á breytilegan gagnasendingahraða sem nær allt að því afkastagetu háhraðatengingar, sem hægt er að laga að mismunandi þörfum, einkum að veitingu margmiðlunarþjónustu og að bjóða fram margmiðlunarhugbúnað. Útkoma þessarar þróunar verður sú að samþætt breiðbandsfjarskiptanet (IBC-net) verður tekið upp. IBC-net mun mynda ákjósanlegan vettvang fyrir hugbúnað upplýsingasamfélagsins.
- 14) Niðurstöður úr starfi RACE-áætlunarinnar (sérstök rannsókn- og tækniþróunaráætlun á sviði samskiptatækni (1990-1994)), sem mælt er fyrir um í ákvörðun 91/352/EBE, ⁽²⁾ hafa undirbúið jarðveginn og skapað tæknigrundvöll fyrir innleiðingu IBC-netsins í Evrópu.
- 15) Niðurstöður úr starfi Esprit-áætlunarinnar (sérstök áætlun um rannsóknar- og tækniþróun, þ.m.t. tilraunaverkefni, á sviði upplýsingatækni (1994-1998)) sem mælt er fyrir um í ákvörðun 94/802/EB ⁽³⁾ hafa undirbúið jarðveginn og skapað tæknigrundvöll fyrir innleiðingu upplýsingatæknihugbúnaðar.
- 16) Niðurstöður úr starfi þessara séráætlana um rannsóknir- og tækniþróun á sviði fjarvirkra gagnaskiptakerfa sem hafa almennt gildi (1991-1994), sem mælt er fyrir um í ákvörðun 91/353/EBE ⁽⁴⁾, og séráætlana um rannsóknar- og tækniþróun, þ.m.t. tilraunaverkefni, á sviði fjarvirkra gagnaskiptakerfa sem hafa almennt gildi (1994-1998), sem mælt er fyrir um í ákvörðun 94/801/EBE ⁽⁵⁾, undirbúa jarðveginn fyrir innleiðingu rekstrarsamhæfs hugbúnaðar sem þjónar sameiginlegum hagsmunum í allri Evrópu.
- 17) Tryggja þarf skilvirka samræmingu á þróun samevrópska fjarskiptaneta, sem eiga að fást við raunverulegar aðstæður, án þess að freista þess að vinna verkefni sem eru eingöngu tilraunaverkefni, við ólíkar Bandalagsáætlanir, einkum séráætlana sem tilheyra fjórðu rammaáætlun um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni, áætlana til hagsbóta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, upplýsingainntaksmiðaðra áætlana (s.s. áætlanirnar INFO 2000 og MEDIA II) og annarrar starfsemi upplýsingasamfélagsins. Einnig skal tryggja samræmingu við þau verkefni sem kveðið er á um í gildandi ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins um samevrópsk net.
- 18) Þær ráðstafanir, sem miða að því að tryggja rekstrarsamhæfi fjarvirknina milli stjórnsýslustofnana, falla innan ramma forgangsörðunar sem er samþykkt í tengslum við núverandi viðmiðunarreglur fyrir samevrópsk fjarskiptanet.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB nr. L 282, 24.11.1995, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtuð. EB nr. L 192, 16.7.1991, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtuð. EB nr. L 334, 22.12.1994, bls. 24.

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB nr. L 192, 16.7.1991, bls. 18.

⁽⁵⁾ Stjtuð. EB nr. L 334, 22.12.1994, bls. 1.

- 19) Framkvæmdastjórnin viðurkenndi í orðsendingu sinni frá 24. júlí 1993 um undirbúningsaðgerðir á sviði samevrópskra neta að því er varðar samþætt breiðbandsfjarskipti, nauðsyn þess að annast undirbúningsaðgerðir með aðilum í greininni til að semja viðeigandi viðmiðunarreglur. Í þessari ákvörðun mynda niðurstöður þessara aðgerða grundvöll fyrir viðmiðunarreglur í tengslum við IBC-netið.
- 20) Smám saman er verið að gefa fjarskiptageirann frjálsan. Þróun samevrópsks hugbúnaðar, almennrar þjónustu og grunnnetna mun í auknum mæli byggja á einkaframtaki. Þessi samevrópska þróun verður að mæta þörfum markaðarins í evrópsku samhengi eða raunverulegri og allmikilli þörf í þjóðfélaginu sem markaðsöflin ein og sér ná ekki til. Með þetta til hliðsjónar verða hagsmunaaðilar í greininni beðnir að leggja fram sérstakar tillögur samkvæmt viðeigandi málsmeðferð til að allir njóti jafna tækifæra. Þessa málsmeðferð þarf að skilgreina. Framkvæmdastjórnin mun njóta aðstoðar nefndar við að tilgreina nákvæmlega verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum.
- 21) Hinn 20. desember 1994 gerðu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin bráðabirgðasamkomulag um framkvæmdarráðstafanir vegna gerða, sem eru samþykktar í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽¹⁾.
- 22) Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, sem tengjast yfirráðasvæði aðildarríkis, krefjast samþykkis viðkomandi aðildarríkis.
- 23) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin verða að bregðast við til að tryggja rekstrarsamhæfi netanna og samræma annars vegar starfsemi aðildarríkjanna, sem miðar að því að taka í notkun samevrópsk fjarskiptanet, og hins vegar sambærileg innlend verkefni, en aðeins að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja heildarsamhengi.
- 24) Svo upplýsingasamfélagið geti þróast á sem bestan hátt er mikilvægt að tryggja skilvirk skipti á upplýsingum milli Bandalagsins og þriðju landa, einkum þeirra ríkja sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða landa sem hafa gert samstarfssamning við Bandalagið.
- 25) Starfsemi, sem ráðist er í innan ramma þessara viðmiðunarreglna, fellur þó að öllu leyti undir samkeppnisreglurnar, sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, og löggjöfina þeim til framkvæmdar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Með þessari ákvörðun eru fastsettar viðmiðunarreglur sem taka til markmiða, forgangsatríða og meginlína ráðstafana sem fyrirhuguð eru á sviði samevrópskra neta að því er varðar fjarskiptavirki. Í þessum viðmiðunarreglum eru verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum skilgreind í umfjöllun í I. viðauka og með því að kveða á um málsmeðferð og viðmiðanir fyrir forskriftir þeirra.

2. gr.

Bandalagið skal styðja samtengingu neta á sviði fjarskiptavirkja, stofnun og þróun rekstrarsamhæfðrar þjónustu og hugbúnaðar svo og aðgang að þeim í því skyni:

— að greiða fyrir umskiptum í átt til upplýsingasamfélagsins og miðla reynslu af áhrifunum af útbreiðslu nýrra neta og hugbúnaðar á félagsstörf og stuðla að því að mæta félagslegum og menningarlegum þörfum og auka lífsgæði,

— að auka samkeppnishæfi fyrirtækja í Bandalaginu, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og styrkja innri markaðinn,

— að styrkja efnahagslega og félagslega samheldni, þar sem einkum er tekið tillit til nauðsynjar þess að tengja eyjar, landlukt svæði og jaðarsvæði við miðlæg svæði Bandalagsins,

— að hraða þróun starfsemi í nýjum vaxandi atvinnugreinum sem leiðir til atvinnusköpunar.

3. gr.

Til að ná markmiðunum sem um getur í 2. mgr. ber að setja eftirfarandi verkefni í forgang:

— rannsókn og fullgildingu á tæknilegri og viðskiptalegri hagkvæmni og í kjölfarið útbreiðslu hugbúnaðar sem styður þróun evrópska upplýsingasamfélagsins, einkum hugbúnaðar sem er öllum í hag,

— rannsókn og fullgildingu á hagkvæmni og í kjölfarið útbreiðslu hugbúnaðar til styrktar efnahagslegri og félagslegri samheldni með því að bæta aðgang að upplýsingum alls staðar í Bandalaginu og byggja á menningarlegri fjölbreytni í Evrópu,

⁽¹⁾ Stjótið. EB nr. C 102, 4.4.1996, bls. 1.

- örvun framtaksverkefna sem ná yfir landamæri og milli svæða og framtaksverkefna með þátttöku svæða, einkum verr settra svæða, til að hrinda úr vör samevrópskri fjarskiptaþjónustu og -hugbúnaði,
- rannsókn og fullgildingu á hagkvæmni og í kjölfarið útbreiðslu á hugbúnaði og þjónustu sem stuðlar að því að efla innri markaðinn og atvinnusköpun, einkum á hugbúnaði og þjónustu sem gerir litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að auka samkeppnishæfni sína í Bandalaginu og á heimsvísu,
- greiningu, rannsókn og fullgildingu á tæknilegri og viðskiptalegri hagkvæmni og í kjölfarið útbreiðslu almennrar samevrópskrar þjónustu sem veitir snurðulausan aðgang að alls kyns upplýsingum, þ.m.t. í dreifbýli og á jaðarsvæðum, og er rekstrarsamhæfð við sambærilega þjónustu á heimsvísu,
- rannsókn og staðfestingu á hagkvæmni nýrra samþættra breiðbandsfjarskiptaneta (IBC-neta) þegar þess er þörf fyrir slíkan hugbúnað og þjónustu, og efling á samtengingu slíkra neta,
- greiningu og fjarlægingu veikra punkta og tenginga sem hindra skilvirka samtengingu og rekstrarsamhæfi allra þátta fjarskiptaneta í Bandalaginu og á heimsvísu þar sem sérstök áhersla er lögð á grunnfjarskiptanet eins og skilgreint er í I. viðauka.

4. gr.

Þær meginlínur ráðstafana sem á að framkvæma til að ná markmiðunum, sem skilgreind eru í 2. gr., skulu ná yfir:

- ítarlegar útlistanir á verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum með því að koma á vinnuáætlun,
- aðgerðir sem miða að því að gera einstaklinga, atvinnurekendur og stjórnsýslustofnanir meðvitaðri um þann ávinning sem þau geta haft af nýrri, háþróaðri samevrópskri fjarskiptaþjónustu og -hugbúnaði,
- aðgerðir sem miða að því að efla sameinuð framtaksverkefni notenda og veitenda til að hrinda úr vör verkefnum á sviði samevrópskrar fjarskiptaþjónustu, einkum IBC-netum,
- stuðning við aðgerðir, innan ramma þeirra aðferða sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, til að rannsaka og fullgilda hagkvæmni hugbúnaðar og útbreiðslu hans í kjölfarið, einkum hugbúnaðar sem er öllum í hag ásamt hvatningu til þess að koma á samstarfi opinberra aðila og einkaaðila, einkum í formi samtaka,
- að örva framboð og notkun þjónustu og hugbúnaðar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og viðskiptamenn í atvinnulífinu, þar sem atvinna og hagvöxtur eiga uppruna sinn,

- að efla samtengingu neta, rekstrarsamhæfi breiðbandsþjónustu og hugbúnaðar og þeirra fjarskiptavirkja sem þörf er á, einkum fyrir margmiðlunarhugbúnað, og að efla rekstrarsamhæfi milli þeirrar þjónustu sem er fyrir hendi og breiðbandsþjónustu og hugbúnaðar.

5. gr.

Hefjast skal handa við þróun samevrópskra neta á sviði fjarskiptavirkja samkvæmt þessari ákvörðun með framkvæmd verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum. Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum eru tilgreind í I. viðauka.

6. gr.

Í samræmi við 7., 8. og 9. gr. skal tilgreina verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og tilgreind eru í I. viðauka samkvæmt þeim viðmiðunum sem eru tilgreind í II. viðauka. Þau verkefni sem eru tilgreind geta átt rétt á Bandalagsaðstoð í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 2236/95 frá 18. september 1995 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð Bandalagsins á sviði samevrópskra neta (11).

7. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal á grundvelli I. viðauka, að höfðu samráði við aðila í greininni og að teknu tilliti til annarra stefnumiða varðandi samevrópsk net, undirbúa vinnuáætlun, samþykka í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 8. gr. og því næst hefjast handa við að auglýsa eftir tillögum.

2. Framkvæmdastjórnin skal ganga úr skugga um að verkefni sem tengjast yfirráðasvæði aðildarríkisins hljóti samþykki hlutaðeigandi aðildarríkis.

8. gr.

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á framkvæmd þessarar ákvörðunar.

2. Hvað varðar þau tilvik sem eru tilgreind í 9. gr. ⁽¹⁾, skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndar sem í eiga sæti fulltrúar aðildarríkjanna undir forsæti fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögnum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykka að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veiga eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 228, 23.9.1995, bls. 1.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að málinu var vísað til þess skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

9. gr.

1. Málsmæðferðin sem mælt er fyrir um í 8. gr. gildir um:

- undirbúning og endurskoðun vinnuáætlunarinnar sem um getur í 7. gr.,
- ákvörðun um efni auglýsinga eftir tillögum,
- lýsingu á verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum samkvæmt þeim viðmiðunum sem eru settar fram í II. viðauka,
- ákvörðun varðandi viðbótar stuðnings- og samræmingaraðgerðir,
- þær ráðstafanir sem ber að gera til að meta framkvæmd vinnuáætlunarinnar á fjárhagslegum og tæknilegum grunni.

2. Framkvæmdastjórnin skal, á hverjum fundi nefndarinnar, greina nefndinni frá þeim árangri sem náðst hefur við framkvæmd starfsáætlunar.

10. gr.

Þessi ákvörðun gildir um samnetið (ISDN) með fyrirvara um ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2717/95/EB.

11. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að greiða fyrir framkvæmd verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum í samræmi við reglur Bandalagsins. Ljúka skal málsmæðferð við leyfisveitingu, sem kann að vera nauðsynleg, svo fljótt sem unnt er í samræmi við löggjöf Bandalagsins.

12. gr.

Ákvörðun þessi skal ekki hafa nein áhrif á fjárhagsskuldbindingar aðildarríkis eða Bandalagsins.

13. gr.

Ráðinu er heimilt að leyfa þátttöku þriðju landa, á grundvelli hvers máls fyrir sig, einkum landa sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða landa sem hafa gert samstarfssamning við Bandalagið, í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 228. gr. sáttmálans til þess að heimila þeim að stuðla að framkvæmd verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og til þess að efla samtengingu og rekstrarsamhæfi fjarskiptaneta, að því tilskildu að það hafi ekki í för með sér hækkun aðstoðar frá Bandalaginu.

14. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, á þriggja ára fresti, leggja skýrslu um framkvæmd þessarar ákvörðunar fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina.

Í skýrslunni skal vera mat á þeim árangri sem náðst hefur með stuðningi Bandalagsins á ýmsum sviðum með tilliti til heildarmarkmiðanna og einnig mat á félagslegum og samfélagslegum áhrifum af tilkomu hugbúnaðarins eftir að honum hefur verið dreift.

Framkvæmdastjórnin skal, ásamt skýrslunni, leggja fram viðeigandi tillögur um endurskoðun á I. viðauka við ákvörðunina á grundvelli tækniframfara og fenginnar reynslu.

Ef ákvörðun liggur ekki fyrir hinn 31. desember á fjórða ári, telst gildistími I. viðauka útrunninn nema að því er varðar auglýsingar eftir tillögum sem þegar hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* fyrir þann dag.

15. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. júní 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J.M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. JORRITSMA LEBBINK

forseti.

I. VIÐAUKI

SKILGREININGAR Á VERKEFNUM SEM ÞJÓNA SAMEIGINLEGUM HAGSMUNUM

Samevrópsku fjarskiptanetin koma til með að opna markað Bandalagsins fyrir nýjum hugbúnaði og þjónustu sem mun leggja grunninn að þróun upplýsingasamfélagsins. Þau eru mikilvæg til að auka hagsæld í Bandalaginu, skapa störf og styrkja efnahagslega og félagslega samheldni.

Almennt er viðurkennt að sá rammi sem hentar best til að lýsa samevrópsku fjarskiptanetunum sé líkan í þremur lögum. Þessi lög eru:

- hugbúnaðarlag sem notendur nota til að eiga samskipti við almenna þjónustu og grunnnet til að uppfylla faglegar, menntunar- og félagslegar þarfir,
- almennt þjónustulag, sem myndað er úr samhæfðri almennri þjónustu og tilheyrandi stjórnun. Þjónusta þessi eykur við hugbúnaðinn ásamt því að bæta rekstrarsamhæfi hans með því að tryggja að sameiginlegar kröfur varðandi hugbúnaðinn séu uppfylltar með því að sjá fyrir sameiginlegum tækjum fyrir þróun og upptöku nýs hugbúnaðar.
- grunnnetslag sem sér fyrir efnislegum aðgangi, flutnings- og tengipáttum netsins, þ.m.t. stjórnun þeirra og merkjasetningar. Þessir þættir tryggja samtengingu samevrópskra neta.

Þessi þrjú lög mynda samfellda heild þar sem hugbúnaður er studdur af neðri lögnum tveimur: almennu þjónustunni og grunnnetunum. Ekki er hægt að bjóða hugbúnað ef annað hvort undirlagið vantar en hvort lag um sig skal hins vegar nægilega opið til að styðja hvern þátt lagsins sem kemur næst fyrir ofan. Í þessu samhengi skal skilgreina verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum á grundvelli starfshæfni þeirra til að styðja við markmiðin sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun.

Í eftirtöldum þáttum eru tilgreind, fyrir hvert lag samevrópskra neta, þau verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og lýsa verður í samræmi við 9. gr. og samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 8. gr.

1. Hugbúnaður

Til að notendur í öllu Bandalaginu hafi sem mestan ávinning af hugbúnaði verður hann að taka mið af tungumálalörfum og vera rekstrarsamhæfur. Þar sem við verður komið skal taka tillit til sérstakra þarfa vanþróaðri eða fámennari svæða. Hugbúnaðurinn verður að miðast við sem flesta mögulega notendahópa og sýnt verður að vera að hann veiti borgurinum aðgang að þjónustu sem er öllum í hag. Hvað varðar hagræði fyrir fatlaðra skal taka tillit til sérkrafna við skipulagningu verkefna strax í upphafi og með tilliti til aðgangs að þjónustu.

Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum fyrir hugbúnað eru:

- Net fyrir háskóla og rannsóknarmiðstöðvar: koma skal á háþrúðu samevrópsku neti sem veitir aðgang að margmiðlunarhugbúnaði og tengir saman háskóla og rannsóknarmiðstöðvar í allri Evrópu, með opinn aðgang að bókasöfnum þeirra.
- Fjarmenntun og hjálfun: gera skal háþróaða fjarmenntunar- og hjálfunarþjónustu aðgengilega fyrir skóla, framhaldsskóla, fyrirtæki og einstaklinga. Setja skal upp miðstöðvar og gera þær aðgengilegar með fjartengingu í öllu Bandalaginu til þess að sjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, stórum fyrirtækjum, menntakerfum og opinberum stjórnsýslustofnunum fyrir námskeiðsgögnum og hjálfunarþjónustu. Þróa skal og efla nýjar aðferðir fyrir alla viðeigandi þætti menntunar og hjálfunar til að greiða fyrir umskiptum í átt til upplýsingasamfélagsins.
- Fjarvirkni og heilbrigðismál: dreifa skal samevrópsku neti og hugbúnaði sem byggist á sameiginlegum stöðlum, sem tengir saman alla aðila heilbrigðisgeirans innan Bandalagsins, einkum heimilislækna, sjúkrahús og heilsumiðstöðvar.
- Fjarvirkni og flutningar: nýta skal til fulls samevrópsku fjarskiptanetinn til að veita notendatengda þjónustu á sviðum skipulagsaðstóðar fyrir flutningaiðnaðinn og til þróunar virðisaukandi þjónustu s.s. upplýsingaþjónustu, samþættrar greiðslu- og bókunarþjónustu, skipulagningu ferða og vegaleiðsögn ásamt stjórnun farms og flota. Að auki skal fjarvirkniþjónusta flutninga í dreifbýli falla undir þetta m.t.t. krafna um stöðlun og rekstrarsamhæfi. Dreifing þessarar þjónustu, sem er grundvölluð á háþrúðum föstum og færanlegum fjarskiptanetum skal, hvar sem því verður við komið, uppfylla kröfuna um rekstrarsamhæfi við samevrópsku flutninganetinn og þeim til viðbótar.

- Fjarvirkni og umhverfið: samevrópsku netkerfin geta verið mikilvægt framlag til eftirlits og stjórnunar umhverfisins, þ.m.t. að bregðast við neyðarástandi. Þessu framlagi er hægt að koma á með því að innleiða upplýsingakerfi sem safnar upplýsingum um umhverfið og gera þær aðgengilegar ábyrgum yfirvöldum og með því að koma á áreiðanlegum fjarskiptakerfum sem styðja inngrip í neyðartilvikum.
- Fjarvinnsla: þróun fjarvinnslu (á útibússkrifstofum (satellite offices) og ef unnt er, á heimilum) studd með háþrúðum fjarskiptakerfum mun stuðla að nýju fyrirkomulagi sveigjanleika hvað varðar vinnustað og hvernig starf er skipulagt. Dreifing á atvinnustarfsemi með fjarvinnslu getur einnig stuðlað að því að draga úr áhrifunum sem daglegar ferðir til og frá þéttbýlisstöðum hafa á umhverfið. Hægt er að styðja við þróun fjarvinnslu með verkefnum sem gera einstaka fjarvirknitæki aðgengileg fyrir starfsmenn í fjarvinnu ásamt því að koma á fót fjarvinnslumiðstöðvum fyrir starfsmenn án fastrar staðsetningar. Sérstaklega skal huga að því að meta og taka tillit til félagslegra afleiðinga vegna þessa hugbúnaðar.
- Fjarvirkur gagnaflytningur fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki: verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum munu styðja við notkun samevrópsks fjarskiptahugbúnaðar og –þjónustu hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum í Bandalaginu með tengingum við opinber yfirvöld, atvinnugreinasamtök, viðskiptavinum og birgja og þ.m.t. upplýsingaþjónusta og rafræn viðskipti. Vekja skal athygli lítilla og meðalstórra fyrirtækja á almennum lausnum á sviði fjarvirkni.
- Rafræn útboð. taka skal upp samevrópskt rafrænt útboðskerfi sem byggist á rafrænum reglum um útboð opinberra samninga sem taka til opinberrar stjórnsýslu og birgja í Bandalaginu.
- Upplýsingahraðbrautir í borgum: auka skal framboð á netum og þjónustu, sem tengir saman heimili, fyrirtæki, félagsmálastofnanir og stjórnsýslustofnanir og veitir aðgang að beinlínutengdum margmiðlunarupplýsingum, menntun, menningu, afþreyingu og ferðaþjónustu á viðkomandi stað, svæði, landi og í Bandalaginu.. Efla skal tengingar milli neta í borgum og á svæðum.
- Þjónusta bókasafna til þess að styðja við efnahagslegt, félagslegt, menntunar- og menningarlíf í Bandalaginu skal koma á háþróaðri samevrópskri bókasafnsþjónustu um netið milli bókasafna af ýmsu tagi (þjóðarbókasafna, háskólabókasafna, rannsóknarbókasafna, almenningsbókasafna o.s.frv.) svo hægt sé að hafa greiðan aðgang að skipulagðri þekkingu og menningarverðmætum sem geymd eru í bókasöfnum í öllu Bandalaginu, .
- Fjarvirkniþjónusta fyrir vinnumarkaðinn: þróa skal nettengda þjónustu s.s. starfagagnagrunna til að styðja við breytingar á vinnumarkaði í Bandalaginu og hjálpa við að takast á við atvinnuleysi.
- Menningar- og tungumálaarfleifið: hrinda skal framtaksverkefnum úr vör til að stuðla að varðveislu og aðgangi að evrópskum menningarlegum og listrænum þjóðararfi og til að sýna fram á möguleika upplýsingafjarskiptavirkja til að örva listræna sköpun og til þess að styðja við vinnslu efnis sem er upprunnið á staðnum á tungumáli staðarins sem og miðlun þess..

2. Almenn þjónusta

Verkefni fyrir almenn þjónustunet sem þjóna sameiginlegum hagsmunum eru:

- Að koma á rekstri samevrópskrar almennrar þjónustu sem skal einkum taka til tölvupósts, tölvuskráringarferfa, netaðgangs að rafrænum gagnagrunnum og myndbandaþjónustu. Þar sem brún þörf er fyrir þessa samevrópsku almennu þjónustu verða þau net sem til eru notuð og ný net, föst eða færarleg, og sú tilhögun fyrir notendaaðgang sem þegar er í notkun. Þjónustan skal fela í sér þætti sem eru starfræktir á vettvangi Bandalagsins s.s. skrár, greiðslujöfnun, sannvottun, gagnavernd og upplýsingaöryggi, varðveislu og endurgjald vegna hugverkaréttar, samevrópska „fróðbása“ og nettengda hjálp við netleiðsögn, þjónustu sem auðveldar eldri borgurum aðgang, greiðsluþjónustu o.s.frv.
- Uppbygging almennrar þjónustu í áföngum í áttina til margmiðlunarumhverfis. Með þessari þjónustu verður notendum boðinn aðgangur að margmiðlunarþjónustu og gæti m.a. falið í sér margmiðlunarpóst, háhráðaskráaflutning og þjónustu tengda myndböndum, þ.m.t. pöntunarsjónvarp. Hvetja skal til þess að fyrirtæki og heimili nýti sér margmiðlunarþjónustuna og einnig skal hvetja til samþættingar nýrra þjónustupáttanna s.s. sjálfvirkra þýðinga, talkennsl, myndræns notendaviðmóts, vitrænna geranda og búnaðar fyrir notendasamskipti og fyrir persónulegt snið.
- Innleiðing stafrænnar undirskriftar, óháð einkarétti, sem grundvöll til veitingar opinna þjónustu og hreyfanlegrar notkunar: almenn þjónusta mun styðjast við fjölmarga veitendur viðbótarþjónustu og samkeppnisþjónustu. Framboð á opinni þjónustu og hreyfanleg notkun kemur til með að skipta höfuðmáli og útheimtir að rafræn nöfn (stafrænar undirskriftir), sem gera ráð fyrir fullnægjandi verndun einkalífs, verði almennt aðgengileg og viðurkennd.

3. Grunnnet

Verkefni fyrir grunnnet sem þjóna sameiginlegum hagsmunum eru:

- Samevrópska samnetið: Samnetið er um þessar mundir, sökum viðskiptalegs og tæknilegs aðgengileika í allri Evrópu, hentugasta stafræna tengigrunnnetið sem getur stutt við nýja þjónustu og hugbúnað. Núverandi þróun þess skapar Evrópu og evrópskum markaði tækifæri; markaður fyrir það og landfræðileg útbreiðsla munu leiða af tilkomu þessarar nýju þjónustu og hugbúnaðar á evrópska vísu. Hins vegar ber að hafa í huga að samnetið er einungis fyrsta skrefið og það mun þróast í áttina til þess að verða eingöngu leið til að veita notendum aðgang að grunnþjónustu breiðbandsins. Sérstaklega ber að gæta að því að fjarlægja þá veiku punkta sem eftir eru til að stuðla að skilvirkri rekstrarsamhæfi þjónustunnar.
- Innleiðing ósamstillts flutningshams (ATM) og annarra IBC-neta í viðskiptum: Líta ber á þetta svið sem það mikilvægasta fyrir samevrópskra hagsmuni.
- Samrekstur neta sem fyrir eru og IBC-neta: samtengja skal þau net sem fyrir eru (fyrir fasta-, farstöðva- og gervihnattaþjónustu) og reka þau saman og með háhraðanetum sem byggð eru á ATM-kerfinu til þess að bjóða hagkvæmstu lausnina sem hentar best fyrir þær mismunandi aðstæður sem koma upp meðan verið er að koma upplýsingasamfélaginu á fót. Þetta mál er grundvallaratriði í þróun IBC-neta og skiptir einkum máli fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og einnig fyrir markaði fyrir fagfólk og heimili.
- Þróun fastaneta, farstöðvaneta og gervihnattaneta til að styðja við þann hugbúnað og þjónustu sem vísað er til hér að framan.

4. Verkefni sem eru sérstaklega mikilvæg

Sum þessara verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum eru sérstaklega mikilvæg vegna þróunar upplýsingasamfélagsins. Þetta eru almenn þjónusta, hugbúnaður sem er öllum í hag og snertir fjarmenntun og hjálfun, menningararfleifð, þjónusta við lítil og meðalstór fyrirtæki og fjarvirgni fyrir flutninga, umhverfis- og heilbrigðismál. Auglýsingar eftir tillögum varðandi þessi verkefni, sem eru sérstaklega mikilvæg eða sambland af þessu, skal birta að jafnaði einu sinni á ári. Framkvæmdastjórnin mun gefa þinginu skýrslu þar að lútandi.

5. Viðbótarstuðnings- og samræmingaraðgerðir

Auk stuðnings við verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum skal Bandalagið eiga frumkvæði að aðgerðum sem miða að því að skapa viðeigandi umhverfi. Aðgerðirnar munu stuðla að þróun samstöðu og að samræmdu átaki um evrópskar, innlendar og svæðisbundnar aðgerðir til að örva og efla nýjan hugbúnað og þjónustu, í samræmi við framkvæmd áætlana á öðrum sviðum, svo og að þróun IBC-neta. Í þeim felst samráð við evrópskar stofnanir sem annast stöðlun og stefnumótandi áætlanagerð og samræming við aðgerðir sem mismunandi fjármálastofnanir Bandalagsins fjármagna. Þetta tekur til:

- þróunar markmiðaforskrifta og umskipta í átt að þessum markmiðum. Forskriftir þessar munu hjálpa aðilum í greininni við að taka skynsamlegar ákvarðanir um fjárfestingar,
- skilgreininga á leiðum til að fá aðgang að IBC-netum eftir lögunum þremur sem tilgreind eru,
- fastsetningar sameiginlegra forskrifta sem byggja á evrópskum stöðlum og heimsstöðlum,
- eflingu samvinnu milli aðila í greininni, einkum milli nýrra og sundurleitra rekstraraðila, s.s. rekstraraðila kapalsjónvarpsneta, og einnig meðal notenda,
- samræmingar á starfsemi sem hafist er handa við samkvæmt þessari ákvörðun við tengdar áætlanir Bandalagsins og innlendar áætlanir.

*II. VIÐAUKI***VIÐMIÐANIR TIL AÐ TILGREINA NÁKVÆMLEGA ÞAU VERKEFNI SEM ÞJÓNA SAMEIGINLEGUM HAGSMUNUM**

Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum verða valin úr þeim verkefnum, sem áhugasamir aðilar í greininni leggja fram í kjölfar auglýsinga eftir tillögum, eins og kveðið er á um í 7. gr., í samræmi við markmiðin og forgangsröðina sem mælt er fyrir um í 2. og 3. gr. eftir því sem við á. Verkefni þessi verða að vera fjölþjóðleg í þeim skilningi að þau skulu sett fram til að uppfylla þarfir sem eru fyrir hendi í ýmsum aðildarríkjum. Almenna reglan skal vera sú að verkefni skulu framkvæmd í mismunandi aðildarríkjum en heimilt er að vinna verkefnið í einu aðildarríki ef það stuðlar að víðtækari samevrópskum hagsmunum.

Að auki skal taka með í reikninginn efnahagsleg og fjárhagsleg viðmið í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2236/95. Þessar viðmiðanir, sem verða notaðar innan ramma fyrrnefndrar reglugerðar við ákvörðun um fjárhagslegan stuðning við tiltekið verkefni, eru:

- möguleikar á því að verkefnið beri sig fjárhagslega, sem skal tryggt,
- hvenær verkefni á að vera tilbúið,
- hvetjandi áhrif aðgerða Bandalagsins á fjármögnun opinberra aðila og einkaaðila,
- styrkleiki fjárhagsáætlunar,
- bein eða óbein félagshagfræðileg áhrif, einkum á atvinnu,
- afleiðingar fyrir umhverfið,
- samræming á tímasetningum milli mismunandi hluta verkefnisins, einkum hvað varðar verkefni sem ná yfir landamæri.